

Guðmundur Jóhannesson
Ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá RML



Aukum verðmæti mjólkur með kynbótum

Það hefur lengi legið fyrir að hægt er að hækka hlutfall verðefna í mjólk með því að nota naut sem gefa dætur sem mjólka efnaríkri mjólk. Í kynbótastarfinu hefur í næstum þrjá áratugi verið valið fyrir afurðum í magni próteins og ákveðið vægi haft á próteinhlutfalli mjólk til þess að halda því uppi. Miðað við verðlagningu mjólkur í dag getur það aukið hagkvæmni búrekstrarins verulega að velja fyrir hærri efnahlutföllum en í dag fá bændur greitt 0,05 kr./lítr fyrir hvert 0,01% sem fituhlutfallið hækkar og 0,19 kr./lítra fyrir hvert 0,01% sem próteinhlutfallið hækkar. Verðið lækkar svo að sama skapi ef verðefnahlutföllin lækka.

Við skulum líta á raunverulegt dæmi á búi þar sem annars vegar eru bornar saman dætur sæðingana og dætur heimana á búinu. Rétt er að taka fram að hóparnir eru nánast jafnstórir, þ.e. helmingur kúnna er undan sæðingana og hinn helmingurinn undan heimana.

Feður	K.mat afurðir	K.mat heild	Ársnyt, kg	Fitu%	Prót%	Meðalverð á lítra, kr.	Tekjur/ár, kr./kú
Sæðingana	103	103	6.090	4,02	3,55	86,77	528.456
Heimana	97	99	5.850	3,70	3,40	82,35	481.751
Mismunur	6	4	240	0,32	0,15	4,42	46.705

Eins og tölurnar sýna glögg munar töluverðu á verði mjólkur eftir því sem efnainnihaldið hækkar. Það eru ekki ný sannindi. Í þessu tilviki er munurinn í auknum tekjum 4,42 kr. á lítra eða 884.000 kr. á ári á 200 þús. lítra búi. Munur á nettótekjum milli hópa er ekki endilega jafnmikill og dæmið hér að ofan sýnir því væntanlega er fóðrun eitthvað dýrari hjá þeim gripum sem mjólka efnaríkari mjólk.

Meðalkynbóttagildi dætra sæðingana í dæminu er 103 hvað afurðir snertir en 97 hjá dætrum heimana. Dætur sæðingana sýna þetta glögglega í meiri afurðum, bæði hvað snertir magn og efnainnihald. Þetta er glögg dæmi um hve kynbætur geta aukið verðmæti afurðanna og þar með arðsemi búrekstrarins.

Afurðaeiginleikar, eins og mjólkurmagn og fitu- og próteinhlutfall í mjólk, hafa hátt arfgengi og val fyrir þessum eiginleikum skilar því sjáanlegum árangri strax á fyrstu kynslóð. Sá árangur glatast ekki heldur flyst áfram kynslóð eftir kynslóð. Fljótverkasta leiðin til þess að hækka hlutfall verðefna í mjólk er eftir sem áður markvissari og betri fóðrun. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að sameiginlegt ræktunarstarf sem og á búsgrunni skilar sínu. Hafi kýrnar ekki erfðafræðilega getu til þess að mjólka mikilli og efnaríkri mjólk mun fóðrun litlu breyta þar um.

Eftir sem áður verðum við að varast að velja eingöngu fyrir einum eða tveimur eiginleikum. Horfa þarf á heildarmyndina og markmiðið hlýtur ávallt að vera að rækta þægilegar, endingargóðar, heilsuhraustar og góðar mjólkurkúr.